

Reglur um skólanesti við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri leggur mikla áherslu á að nesti nemenda sé hollt og gott.

Nemendur hafa með sér léttu hressingu að heiman í nestistímann að morgni, gróft brauð, ávexti eða grænmeti. Sætar mjólkurvörur, orkustangir, sætabrauð, kex o.þ.h. er ekki leyfilegt.

Nemendur geta verið í áskrift að ávöxtum og/eða mjólk, en mælt er með því að nemendur hafi vatnsbrúsa að heiman í skólanum til að geta fengið sér vatn. Ekki er leyfilegt að senda nemendur með fernudrykki og drykki með viðbættum sykri í skólann.

Nestistímar verða í kennslustundum frá kl. 9:20 – 9:35, þar verða ávextir og mjólk fyrir þá sem eru í áskrift. Á Eyrarbakka er nestistími í frímínútunum frá kl. 9:35-9:55 og neyta skal nestisins í matsalnum. Í nestistímanum er leitast við að skapa notalegt og rólegt andrúmsloft.

Nemendum stendur sem fyrr til boða að snæða hafragraut sér að kostnaðarlausu milli kl. 8:00 og 8:15 alla morgna á Stokkseyri og milli 9:35 og 9:55 á Eyrarbakka.



**Barnaskólinn á
Eyrarbakka og Stokkseyri**